

VIII. VIÐAUKI

STAÐFESTURÉTTUR

Skrá sem kveðið er á um í 31. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur Bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsorð,
- viðtakendur gerða Bandalagsins,
- tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB,
- tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum, og
- tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Að því er þennan viðauka varðar og þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki“ í gerðunum sem vísað er til feli í sér, auk þeirrar merkingar sem það hefur í viðkomandi EB-gerðum, Ísland, Liechtenstein og Noreg [] {¹} [] {²}.

Eftirfarandi gildir um Liechtenstein. Endurskoðun þessa fyrirkomulags skal fara fram á fimm ára fresti og í fyrsta sinn fyrir maí 2009, að teknu viðeigandi tilliti til sérstakra landfræðilegra aðstæðna í Liechtenstein. {³}

I

Íslenskum og norskum ríkisborgurum og ríkisborgurum aðildarríkja Evrópusambandsins skal aðeins heimilt að taka upp búsetu í Liechtenstein að fengnu leyfi yfirvalda í Liechtenstein. Þeir eiga rétt á að fá fyrrnefnt leyfi samkvæmt þeim takmörkunum einvörðungu sem um getur hér að aftan. Ekkert slíkt búsetuleyfi er nauðsynlegt vegna dvalar sem er skemmri en þrjú mánuðir á ári, að því tilskildu að viðkomandi stundi hvorki atvinnu né aðra fasta starfsemi af efnahagslegum toga, eða vegna einstaklinga sem stunda þjónustu yfir landamæri í Liechtenstein.

Skilyrðin sem varða íslenska og norska ríkisborgara og ríkisborgara aðildarríkja Evrópusambandsins geta ekki verði strangari en þau sem varða ríkisborgara þriðju landa.

II

1. Fjöldi búsetuleyfa sem íslenskum og norskum ríkisborgurum og ríkisborgurum aðildarríkja Evrópusambandsins, sem stunda starfsemi af efnahagslegum toga í Liechtenstein, stendur til boða ár hvert skal ákveðinn með þeim hætti að árleg nettóaukning frá árinu á undan í fjölda ríkisborgara fyrrnefndra landa, sem eru virkir í efnahagslegu tilliti og búsettir í Liechtenstein, sé ekki undir 1,75% af fjölda þeirra 1. janúar 1998.

{¹} Orðin „og Sviss“ eru felld brott með bókuninni um breytingu.

{²} Orðin „Austurríki, Finnland“ og „Svíþjóð“ eru felld brott með ákvörðun 43/2005 (Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 26), gildistaka 12.3.2005.

{³} Textanum var bætt við með ákvörðun nr. 191/1999 (Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 29 og EES-viðbætur nr. 14, 15.3.2001, bls. 130 (norska) og bls. 217, íslenska)), gildistaka 1.6.2000. Síðar skipt út með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.

Draga ber fjölda búsetuleyfa til einstaklinga sem öðlast þegn réttindi á einu ári frá grunntölunni sem aukningin fyrir komandi ár er reiknuð út frá. Búsetuleyfi, sem eru veitt umfram lágmarksfjöldann, skal ekki telja með þegar aukningin fyrir komandi ár er reiknuð út.

2. Yfirvöld í Liechtenstein skulu veita búsetuleyfi án allrar mismununar og án þess að raska samkeppni. Veita ber helming nettóaukningar leyfa, sem eru í boði, samkvæmt málsmeðferð sem veitir öllum umsækjendum jafnan rétt.
3. Telja ber íbúa, sem hafa skammtímaleyfi og stunda starfsemi af efnahagslegum toga, með í kvótanum. Slíkum einstaklingum er heimilt að dvelja um kyrrt í Liechtenstein samkvæmt þeim skilyrðum, sem eru skilgreind í samningnum, eftir að leyfið er útrunnið innan kvótans sem miðað var við við komu þeirra inn í landið. Endurúthluta ber leyfinu innan kvótans þegar einstaklingurinn, sem var úthlutað leyfinu, skiptir um búsetu og fer til annars lands. Fjöldi skammtímaleyfa, sem er í boði í þeim tilgangi að stunda starfsemi af efnahagslegum toga, skal ekki víkja meir en sem nemur 10% frá því sem var 1997.

III.

Meðlimir í fjölskyldum íslenskra og norskra ríkisborgara og ríkisborgara aðildarríkja Evrópusambandsins, sem hafa löglega búsetu í Liechtenstein, skulu eiga rétt á að fá leyfi sem gildir með sama hætti og leyfi þess einstaklings sem þeir eru háðir. Þeir skulu hafa rétt til að stunda starfsemi af efnahagslegum toga með þeim hætti að telja ber þá með í þeim fjölda leyfa sem eru veitt einstaklingum sem stunda starfsemi af efnahagslegum toga. Hins vegar er óheimilt að skírskota til skilyrðanna, sem um getur í II. lið, í því skyni að synja þeim um leyfi ef árlegum fjölda leyfa, sem einstaklingum, sem stunda starfsemi af efnahagslegum toga, stendur til boða, er náð.

Einstaklingum, sem leggja niður starfsemi af efnahagslegum toga, er heimilt að dvelja um kyrrt í Liechtenstein samkvæmt skilyrðum sem eru skilgreind í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70 frá 29. júní 1970 um rétt launþega til að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa gegnt starfi í því ríki og í tilskipun ráðsins 75/34/EBE frá 17. desember 1974 um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt: þeir verða hvorki taldir framar með í þeim fjölda leyfa sem einstaklingum, sem stunda starfsemi af efnahagslegum toga, stendur til boða né verða þeir taldir með í kvótanum sem er skilgreindur í IV. lið.

IV

Árlegur 0,5% viðbótarkvóti, á sömu forsendum og um getur í II. lið, skal standa einstaklingum til boða sem óska að taka upp búsetu á grundvelli réttinda sem eru skilgreind í tilskipun ráðsins 90/364/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt, tilskipun ráðsins 90/365/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa látið af störfum og tilskipun ráðsins 93/96/EBE frá 29. október 1993 um búseturétt námsmanna.

II. liður gildir að breyttu breytanda.

V

1. Liechtenstein er heimilt að halda í gildi í fimm ár innlendum ákvæðum sem gera árstíðabundnu vinnuaflí ásamt fjölskyldumeðlimum skylt að yfirgefa landsvæði Liechtenstein í að minnsta kosti þrjú mánuði þegar árstíðabundið leyfi er útrunnið. Óheimilt er að slíkir einstaklingar séu háðir frekari takmörkunum. Endurnýja ber árstíðabundin leyfi með sjálfvirkum hætti fyrir starfandi einstaklinga á árstíðabundnum grundvelli sem hafa starfssamning við endurkomu til Liechtenstein. Fjöldi leyfa sem stendur árstíðabundnu vinnuaflí með íslenskan og norskan ríkisborgararétt og ríkisborgararétt í aðildarríkjum Evrópusambandsins til boða skal ekki vera minni en fjöldi leyfa sem var veittur 1997 að frádregnum fjölda leyfa fyrir einstaklinga sem njóta góðs af afnámi hafta í samræmi við eftirfarandi málsgrein.
2. Ákvarða ber fjölda einstaklinga, sem eru undanþegnir þeirri kvöð að yfirgefa landsvæði Liechtenstein ár hvert, sem fjöldi leyfa í umferð deilt með fjölda ára sem eftir er fram til þess að aðlögunartímabilinu fyrir árstíðabundið vinnuaflí lýkur. Ákveða ber röð einstaklinga, sem njóta munu góðs af afnámi hafta, með fjölda endurnýjaðra leyfa fyrir árstíðabundið vinnuaflí í rétttri röð og með útgáfudagsetningu fyrsta leyfis af því tagi innan sömu raðar.

3. Einstaklingum, sem hafa notið góðs af afnámi hafta í samræmi við síðustu málsgrein, skal ekki fundinn staður innan kvótanna í samræmi við II. og IV. lið. Slikir einstaklingar verða hins vegar taldir með í tilviki fjölskyldumeðlima sem taka upp starfsemi af efnahagslegum toga í samræmi við III. lið.

VI

Umsækjendum um búsetuleyfi skal berast skriflegt svar eigi síðar en í lok þriðja mánaðar frá dagsetningu umsóknar. Umsækjendum sem er hafnað ber að svara skriflega þar sem höfnun þeirra er rökstudd. Þeir skulu njóta sömu lagaúrræða og ríkisborgarar Liechtenstein að því er varðar stjórnvaldsákvarðanir.

VII

Einstaklingur, sem starfar í Liechtenstein en hefur ekki búsetu þar (launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri), skal snúa dag hvern til heimalands síns.

VIII

Liechtenstein skal láta öðrum samningsaðilum og Eftirlitsstofnun EFTA í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum þessa viðauka.

AÐLÖGUNARTÍMABIL {⁴}

Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við lögina frá 16. apríl 2003 um aðild Tékklands (1. kafli V. viðauka), Eistlands (1. kafli VI. viðauka), Lettlands (1. kafli VIII. viðauka), Litháens (2. kafli IX. viðauka), Ungverjalands (1. kafli X. viðauka), Möltu (2. kafli XI. viðauka), Póllands (2. kafli XII. viðauka), Slóveníu (2. kafli XIII. viðauka) og Slóvakíu (1. kafli XIV. viðauka), gildir.

{⁵} Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við lögina frá 25. apríl 2005 um aðild Búlgaríu (1. kafli VI. kafli) og Rúmeníu (1. kafli VII. viðauka), gildir.

{⁶} Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við lögina frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (2. kafli V. kafli), gildir.

{⁷} Að því er varðar verndarráðstafanirnar sem er að finna í bráðabirgðafyrirkomulaginu, sem vísað er til í fyrri málsgrein, að undanskildu fyrirkomulagi vegna Möltu, gildir BÓKUN 44 UM VERNDARRÁÐSTAFANIR SAMKVÆMT SAMNINGNUM UM STÆKKUN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. **361X1201/bls. 32/62:** Almenn áætlun um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu (Frönsk útgáfa: Stjtið. EB nr. 2, 15.1.1962, bls. 32). Ensk útgáfa: Ensk sérútgáfa (2. ritröð) IX, bls. 3).

Ákvæði almennu áætlunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í fyrsta undirlið fyrstu málsgreinar III. bálks komi tilvísun í 32. gr. samningsins í stað tilvísunar í 55. gr. EBE-sáttmálans.

{⁴} Fyrirsögninni og textanum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.

{⁵} Textanum var skipt út með EES-stækkunarsamningnum frá 2007 (Stjtið. ESB L 221, 25.8.2007 og EES-viðbætur nr. 39, 26.7.2008), gildir til bráðabirgða frá og með 1.8.2007, gildistaka 9.11.2011. Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ síðar felld brott með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.

{⁶} Málslönum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtið. ESB L170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), gildir til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.

{⁷} Textanum var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2007 (Stjtið. ESB L 221, 25.8.2007 og EES-viðbætur nr. 39, 26.7.2008), gildir til bráðabirgða frá og með 1.8.2007, gildistaka 9.11.2011.

- b) Í öðrum undirlið fyrstu málsgreinar III. bólkis komi tilvísun í 33. gr. EES-samningsins í stað tilvísunar í 56. gr. EBE-sáttmálans.
- c) Í þriðja undirlið fyrstu málsgreinar III. bólkis komi tilvísun í 38. gr. samningsins í stað tilvísunar í 61. gr. EBE-sáttmálans.
- d) Í fyrstu málsgrein VI. bólkis komi tilvísun í 30. gr. samningsins í stað tilvísunar í 3. mgr. 57. gr. EBE-sáttmálans.

2. **361X1201/bls. 36/62:** Almenn áætlun um afnám hafta á staðfesturétti (Frönsk útgáfa: Stjtið. EB nr. 2, 15.1.1962, bls. 36). Ensk útgáfa: Ensk sérútgáfa (2. ritröð) IX, bls. 7).

Ákvæði almennu áætlunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í fyrstu málsgrein I. bólkis gildi fyrsta klausan fram að „sjálfstæði sem fæst eftir að sáttmálinn hefur öðlast gildi“ ekki.
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við I. bólk:

„Líta ber á tilvísanir í lönd og yfirráðasvæði handan hafsins í ljósi ákvæða 126. gr. samningsins.“
- c) Í fyrstu málsgrein V. bólkis komi tilvísun í 30. gr. samningsins í stað tilvísunar í 3. mgr. 57. gr. EBE-sáttmálans.
- d) Í VII. bólk komi tilvísun í 61. gr. o. áfr. samningsins í stað tilvísunar í 92. gr. o. áfr. EBE-sáttmálans.

3. ^{8} **32004L0038** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 35, Stjtið. ESB L 30, 3.2.2005, bls. 27 og Stjtið. ESB L 197, 28.7.2005, bls. 34.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði tilskipunarinnar gilda, eftir því sem við á, á sviðum sem falla undir þennan viðauka.
- b) Ákvæði samningsins taka til ríkisborgara samningsaðila. Aðstandendur þeirra, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipuninni, sem eru ríkisborgarar í löndum utan EES, skulu njóta tiltekinna réttinda samkvæmt tilskipuninni.
- c) Í stað hugtaksins „borgarar Sambandsins“ komi hugtakið „borgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna“.
- d) Í stað orðsins „sáttmálanum“ í 1. mgr. 24. gr. komi orðið „samningnum“ og í stað orðanna „afleiddri löggjöf“ í sömu málsgrein komi orðin „afleiddri löggjöf sem felld hefur verið inn í samninginn“.

4. ^{9} []

5. ^{10} []

^{8} Í stað texta 3. liðar (tilskipun ráðsins 73/148/EBE) kemur ákvörðun nr. 158/2007 (Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 17), gildistaka 1.3.2009.

^{9} Texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 75/34/EBE) var felldur niður með ákvörðun nr. 158/2007 (Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 17), gildistaka 1.3.2009.

- 6.^{11} []
- 7.^{12} []
- 8.^{13} []
9. Þrátt fyrir 31.–35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem hafa ekki lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.
10. Þrátt fyrir 31.–35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Noregi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar, á sviði sjávarútvegs eða útgerðarfélagá sem eiga eða gera út fiskiskip.
- 11.^{14} **32021R0953** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi Covid-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtið. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1), eins og henni var breytt með:
- ^{15} **32021R2288** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2288 frá 21. desember 2021 (Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 459).
- ^{16} **32022R0503** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/503 frá 29. mars 2022 (Stjtið. ESB L 102, 30.3.2022, bls. 8).
- ^{17} **32022R1034** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1034 frá 29. júní 2022 (Stjtið. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 37).
- 11a.^{18} **32021D1073** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073 frá 28. júní 2021 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustamma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (Stjtið. ESB L 230, 30.6.2021, bls. 32), eins og henni var breytt með:
- ^{19} **32021D2014** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2014 frá 17. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 410, 18.11.2021, bls. 180),
- ^{20} **32021D2301** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2301 frá 21. desember 2021 (Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 536),

^{10} Texti 5. liðar (tilskipun ráðsins 75/35/EBE) var felldur niður með ákvörðun nr. 158/2007 (Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 17), gildistaka 1.3.2009.

^{11} Texti 6. liðar (tilskipun ráðsins 90/364/EBE) var felldur niður með ákvörðun nr. 158/2007 (Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 17), gildistaka 1.3.2009.

^{12} Texti 7. liðar (tilskipun ráðsins 90/365/EBE) var felldur niður með ákvörðun nr. 158/2007 (Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 17), gildistaka 1.3.2009.

^{13} Þessi liður, sem var innleiddur með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994, kemur í stað fyrri 8. liðar, og 8. liður (tilskipun ráðsins 93/96/EBE) var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 158/2007 (Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 17), gildistaka 1.3.2009.

^{14} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 187/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.6.2021.

^{15} Undirlíðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 41/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{16} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 136/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.4.2022.

^{17} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 208/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 9.7.2022.

^{18} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 188/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.6.2021.

^{19} Undirlíðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 402/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2021.

^{20} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 42/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2021.

- {²¹} **32022D0483** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/483 frá 21. mars 2022 (Stjtið. ESB L 98, 25.3.2022, bls. 84).
- 11b.{²²} **32021D1126** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1126 frá 8. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Sviss og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 49).
- 11c.{²³} **32021D1272** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1272 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Vatikanborgrikinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 148).
- 11d.{²⁴} **32021D1273** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1273 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í San Marínó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 151).
- 11e.{²⁵} **32021D1380** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1380 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Úkraínu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 35).
- 11f.{²⁶} **32021D1381** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1381 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Norður-Makedóníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 38).
- 11g.{²⁷} **32021D1382** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1382 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Tyrklandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 41).
- 11h.{²⁸} **32021D1476** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1476 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Andorra og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 33).
- 11i.{²⁹} **32021D1477** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1477 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Albaníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 36).
- 11j.{³⁰} **32021D1478** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1478 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Færeyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 39).
- 11k.{³¹} **32021D1479** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1479 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Mónakó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 42).

{²¹} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 136/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.4.2022.

{²²} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 225/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 14.7.2021.

{²³} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 241/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 25.9.2021.

{²⁴} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 241/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 25.9.2021.

{²⁵} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 242/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 25.9.2021.

{²⁶} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 242/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 25.9.2021.

{²⁷} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 242/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 25.9.2021.

{²⁸} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 298/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

{²⁹} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 298/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

{³⁰} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 298/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

{³¹} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 298/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

- 11l.{³²} **32021D1480** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1480 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Panama og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 45).
- 11m.{³³} **32021D1481** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1481 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Konungsríkinu Marokkó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 48).
- 11n.{³⁴} **32021D1482** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1482 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Ísrael og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 51).
- 11o.{³⁵} **32021D1894** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1894 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Armeníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 109).
- 11p.{³⁶} **32021D1895** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1895 frá 28. október 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 112).
- 11q.{³⁷} **32021D1993** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1993 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út á Nýja-Sjálandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 20).
- 11r.{³⁸} **32021D1994** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1994 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Moldóvu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 23).
- 11s.{³⁹} **32021D1995** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1995 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Georgíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 26).
- 11t.{⁴⁰} **32021D1996** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1996 frá 15. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Serbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 29).
- 11u.{⁴¹} **32021D2056** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2056 frá 24. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Tógó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 126).

{³²} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 298/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

{³³} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 298/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

{³⁴} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 298/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 30.10.2021.

{³⁵} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 380/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2021.

{³⁶} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 380/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2021.

{³⁷} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 381/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2021.

{³⁸} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 381/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2021.

{³⁹} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 381/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2021.

{⁴⁰} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 381/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.12.2021.

{⁴¹} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 43/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

- 11v.^{42} **32021D2057** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2057 frá 24. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Singapur og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 129).
- 11w.^{43} **32021D2113** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2113 frá 30. nóvember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu El Salvador og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 429, 1.12.2021, bls. 152).
- 11x.^{44} **32021D2187** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2187 frá 9. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Líbanska Lýðveldinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 443I, 10.12.2021, bls. 1).
- 11y.^{45} **32021D2188** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2188 frá 9. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 443I, 10.12.2021, bls. 4).
- 11z.^{46} **32021D2189** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2189 frá 9. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Cabo Verde (Grænhöfðaeyjar) og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 443I, 10.12.2021, bls. 7).
- 11za.^{47} **32021D2296** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2296 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Túniska Lýðveldinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 521).
- 11zb.^{48} **32021D2297** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2297 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Montenegro (Svartfjallalandi) og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 524).
- 11zc.^{49} **32021D2298** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2298 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Austræna Lýðveldinu Úrúgvæ og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 527).
- 11zd.^{50} **32021D2299** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2299 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Taílandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 530).
- 11ze.^{51} **32021D2300** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2300 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Taívan og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 533).

^{42} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 43/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{43} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 43/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{44} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 44/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{45} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 44/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{46} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 44/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{47} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 45/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{48} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 45/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{49} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 45/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{50} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 45/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

^{51} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 45/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 23.2.2022.

- 11zf.^{52} **32022D0206** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/206 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Benín og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 46).
- 11zg.^{53} **32022D0207** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/207 frá 15. febrúar 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Hasémíska konungsríkinu Jórdaníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 34, 16.2.2022, bls. 49).
- 11zh.^{54} **32022D0533** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/533 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Kólumbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 60).
- 11zi.^{55} **32022D0534** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/534 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Malasíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 63).
- 11zj.^{56} **32022D0724** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/724 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Seychelles-eyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 28).
- 11zk.^{57} **32022D0725** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/725 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Alþýðulýðveldinu Víetnam og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 31).
- 11zl.^{58} **32022D0726** - Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/726 frá 10. maí 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Indónesíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 34).

^{52} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 73/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 19.3.2022.

^{53} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 73/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 19.3.2022.

^{54} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 179/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.6.2022.

^{55} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 179/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 11.6.2022.

^{56} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 209/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 9.7.2022.

^{57} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 209/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 9.7.2022.

^{58} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 209/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 9.7.2022.